

Rúst og fornleið við Þjórsá

Rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu
og nr. 60 í Landsveit

Skýrsla um prufuholugróft vorið 2007
og GPS mælingu um haustið sama ár



Landsvirkjun

Ágúst 2008



Upplýsingablað

Skýrsla LV nr: LV-2008/076

Dags: Ágúst 2008

Fjöldi síðna:	32	Upplag: 25	Dreifing: ☒ Opin ☐ Takmörkuð til
---------------	----	------------	---

Titill: Rúst og fornleið við Þjórsá

Höfundar /
fyrirtæki Bjarni F. Einarsson. Fornleifafræðistofunni

Verkefnisstjóri: Guðlaugur Þórarinnsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun Power

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Vegna fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar voru líkur á að rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi yrði fyrir einhverju hnjaski og því þótti vissara að kanna hana áður en að slíku gæti komið. Tilgangurinn var að kanna hvort hún stæði ofan á eldri minjum eða ekki. Svo reyndist ekki vera. Rúst nr. 37 er frá ofanverðri 20. öld. Fornleiðin sem var GPS mæld hinum megin Þjórsár er að stofni til trúlega frá miðöldum.

Lykilorð: Hvammsvirkjun, Minninúpur, fornleifarannsókn, beitarhús, 20. öld, fornleið, Hvammur, miðaldir

ISBN nr: _____

ISSN nr: _____

Undirskrift verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Guðlaugur Þórarinnsson



Skýrsla nr. LV-2008/076

Rúst og fornleið við Þjórsá

Rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu
og nr. 60 í Landsveit

Skýrsla um prufuholugróft vorið 2007
og GPS mælingu um haustið sama ár

Bjarni F. Einarsson

Ágúst 2008



Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi. Í bakgrunni er Þjórsá og eyðibýlið Skarðssel. Horft til A. (Stafrænar myndir nr. 15. Ljósm. B.F.E.).

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Unnið fyrir Landsvirkjun

© Bjarni F. Einarsson

September 2007

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
I	
Rúst 37	4
2 Markmið rannsóknar	4
3 Rannsóknin	5
3.1 Aðferð	5
4 Rústin	5
5 Niðurstaða	8
II	
Fornleið nr. 20 í Landsveit	10
6 Ljósmyndir	11
7 Loftmyndir	15
8 Heimildir	23
9 Tæknilegar upplýsingar	23
10 Stafrænar myndir	25
11 Litskyggjur	31

1 Inngangur

Að beiðni Landsvirkjunar tók Fornleifafræðistofan að sér að grafa prufuholu í rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi, á vesturbakka Þjórsár. Rústin er talin vera leifar af beitarhúsi.

Aðstoðarfólk við rannsóknirnar voru Sandra Sif Einarsdóttir og Guðbjörg Melsted, fornleifafræðingar. Uppgröfturinn fór fram 23. maí og frekari könnun (ljósmyndun) þann 25. maí 2007. Að síðustu var gengið frá rústinni seinna um sumarið að beiðni heimamanna. Reynt var að skilja við hana í sama horfi og hún var fyrir raskið.

Rústin er u.þ.b. 30 m norðan við árbakka Þjórsár, í grasi gróinni brekku neðan við þjóðveginn (sjá mynd 1).

I

RÚST 37

2 Markmið rannsókna

Vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda við stöðvarhús og stíflu Hvammsvirkjunar var rústin talin í hættu þeirra vegna. Í fornleifaskrá er rústin aldursgreind til 20. aldar. Mun mannvirkið hafa þjónað sem beitarhús frá Minna-Núpi að sögn heimamanna. Í fornleifaskrá frá 2001 (Fornleifaskrá Íslands) er rústin líst á svohljóðandi hátt:

Beitarhús.

6 x 15 m (NNV - SSA).

Veggir úr grjóti og torfi, ca. 1,2 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 1,2 m háir.

Tvö hólfr eru á rústinni (hólf A og B). Dyr eru á hólfi A til SSA og op á milli hólfanna. Hólf B er hlaða með niðurgrofnu gólfi (strympa?).


Garðlög eru greinileg að innanverðu.

Eftir endilöngu hólfi A er garður (jata), ca. 0,5 m breið og 0,4 m há.

A - hlið hólf B er illa farin (hrunin) og inngangur í hólf A sömuleiðis. Mikið bárujárn er í báðum hólfum og talsvert spýtnabrák í hólfi B.

Fornleifavernd ríkisins fór fram á að prufuhola væri grafin í rústina til að staðfesta aldur hennar og hvort eldri leifar kynnu að leynast undir henni. Einnig var farið fram á teikningu af rústinni.

Markmið rannsókna var því að ganga úr skugga um hvort eldri minjar leyndust undir eða við rústina og teikna hana upp.



Mynd 1. Loftmynd með staðsetningu beitarhússins, og fleiri fornleifa, m.a. nr. 20 sem fjallað er um hér á eftir. (Loftmynd. Landsvirkjun. Breytingar BFE).

3 Rannsóknin

3.1 Aðferð


Ákveðið var að setja út vinnu-línu (málband) eftir rústinni endilangri í þeim eina tilgangi að nota hana við teikningu rústarinnar. Staðsetning prufuholunnar var ákveðin þar sem hún myndi valda sem minnstum skaða. Var það við vestur langvegg, u.þ.b. fyrir miðju rústarinnar.

Notuð var lítil vélgrafa til að grafa í gegnum vegginn. Var breidd holunnar 0,9 m og lengd hennar 3,05 m. Mesta dýpt holunnar (miðað við efstu brún veggjarins) var 2,18 m. Grafið var niður á óhreyft og vel það. Nyrðra langsnið prufuholunnar var teiknað í mælikvarðanum 1:20.

Teknar voru litskyggnur og stafrænar myndir Gjóskulög voru afar ógreinileg og ekki ástæða til að taka sýni til aldursgreininga vegna þess hve ungar rústirnar voru.

4 Rústin


Rústin er af hefðbundinni beitarhúsagerð með hlöðu fyrir öðrum endanum, þeim innri. Hlaðan er mikið niðurgrafin og er nokkuð dæmigerð fyrir S- og SA-land og kallast stundum strympa.



Mynd 2. Beitarhús nr. 37. Myndin sýnir staðsetningu prufuholu í vesturlangvegg. Í miðju fjárhúsinu er garður úr grjóti og steypu (steypu kemur þó ekki fram í fornleifaskrá). Hlaðan var mjög mikið grafin niður í brekkuna.

Grjóthleðslurnar í innanverðri hlöðunni (strympunni) eru mjög vel hlaðnar og býsna heilar. Þó hefur fallið úr austurhlutanum (sjá mynd 8).

Þó rústin teljist ekki til fornleifa skv. laganna hljóðan er fagurfræðilegt gildi hennar þó nokkuð og hún er góður fulltrúi eldri rústa af sömu gerð. Þó má ætla að þessi húsagerð eigi sér ekki mjög langa sögu, varla lengur en aftur á 19. öld, eða þegar menn fóru að halda fé í húsum yfir veturinn. Algengust mun þessi tegund vera í Rangárvalla- og Vestur – Skaftafellsýslu. Strympur eru þó fyrst og fremst hringlaga hlöður við enda fjárhúss og hefur þakið verið eins og húfa í laginu, eða niðurmjó fata, en strympa þýðir hvorutveggja (Sigfús.




Mynd 3. Snið í vestur-langvegg rústar nr. 37. Sjá má hvernig gólf fjárhússins hefur verið grafið dálítið niður í brekkuna (sbr. lag nr. 6 á myndinni). Einnig hefur veggundirstaðan verið sléttuð áður en veggurinn var byggður.


Blöndal 1920-24). Slíkar hringlaga hlöður hef ég ekki séð annarsstaðar á landinu en í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Í landi Yrja í Holta- og Landsveit (nr. 3) er afar vel farin strýmpa af hefðbundinn gerð (hringlaga hlaða). Er sú rúst í sama ástandi og rúst nr. 37.


Í landi Hvamms í Landsveit er meint beitarhúsarúst svipuð og rúst nr. 37 (Holta- og Landsveit nr. 40, sjá mynd 4). Annað dæmi er beitarhúsarúst í Krýsuvík, Hafnarfirði (nr. 216, sjá mynd 5).




Mynd 4. Beitarhúsarúst í landi Hvamms í Holta- og Landsveit (nr. 40). Úr fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar. (Teikn. BFE).



Mynd 5. Beitarhús í landi Krýsuvíkur (nr. 216). Athyglisvert er að sjá að hlaðan (hólf B) er dálítið breiðari en fjárhúsið (hólf A). Sama var uppi á teningnum í rúst 37. Rústin er trúlega frá 19. öld. Úr fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar. (Teikn. BFE).



Mynd 6. Beitarhúsarúst í landi Þjórsártúns í Ásahreppi (nr. 26). Rústin var rannsökuð og fjarlægð vegna vegagerðar árið 2002. Húsið var í notkun um 1940. Úr fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar. (Teikn.



Til eru beitarhúsarústir víða um landið með tveimur til fjórum fjárhúsum framan við niðurgrafna hlöðu eða ekki niðurgrafna. Dæmi um slík hús er beitarhúsarúst í landi Þjórsártúns í Ásahreppi (nr. 26, sjá mynd 6) og tvö beitarhús í landi Vatnsenda í Kópavogi, en þar er hlaðan grafin niður í stærra húsinu (nr. 47 og 48, sjá myndir 7 og 8).

5 Niðurstaða

Niðurstaða rannsóknarinnar á beitarhúsarústinni við Þjórsá er að rústin sé frá fyrri hluta 20. aldar og því ekki fornleifar skv. þjóðminjalögum. Þessi niðurstaða er byggð á bárujárninu, steypunni í garðinum og frásögn heimamanna, auk afleiddri afstöðu gjóskulaga í sniði (mynd 3). Rústin var einnig ung að sjá. Bárujárn tók að berast til Íslands um 1880 og var fyrst notað á íbúðarhús í þéttbýli (Hörður Ágústsson 1998:47. 112). Ætla má að síðar hafi það verið notað í skepnuhús (Bjarni F. Einarsson 2002). Elstu steinsteypuhús á landinu eru frá því um 1900. Engar minjar

Mynd 7. Beitarhúsarúst í landi Vatnsenda (nr. 47). Í raun er um eitt hólf að ræða með þremur gördur (jötum). Rústin er frá 20. öld. Úr fornleifaskrá Fornleifafræðistofunnar. (Teikn. BFE).



Mynd 8. Hlaðan í rúst 37. Sjá má ungt drasl á víð og dreif um rústina, fallinn austurvegg hlöðunnar og afar vel hlaðna innveggi hennar. (Stafrænar myndir nr. 4. Ljós. BFE).



um eldri rúst var að finna í prufuholunni og ekkert sem benti til að slíkt væri að finna í umhverfi rústarinnar. Hvergi vottaði fyrir því að um fleiri en eina kynslóð mannvirkja væri að ræða í rústinni. Gjóskulög voru ekki nýtt við aldursgreiningar öðruvísi en óbeint og engar heimildir eru til aðrar en örnefnaskrá og munnlegar heimildir heimamanna.

Engra frekari aðgerða er talin þörf varðandi rúst nr. 37 vegna hinna fyrirhugaðu virkjanaframkvæmda. Hún nýtur ekki friðunnar þjóðminjalaga.

Myndir 9 og 10. Prufuholan fyrir og eftir frágang. (Stafrænar myndir nr. 6 og 21. Ljós. BFE).

II

FORNLEIÐ Nr. 20 Í LANDSVEIT

Að kröfu Fornleifaverndar ríkisins var leiðin nákvæmlega mæld inn með GPS tæki og leiðin teiknuð inn á loftmynd (sjá loftmyndir hér á eftir). Notast var við Isn 93 staðal. Leiðin var mæld inn þann 16. ágúst síðastliðinn og ljósmynduð í leiðinni með stafrænni myndavél. Mælinguna annaðist Verkfræðistofa Suðurlands.

Leiðin er afar ógreinileg og víða ekki hægt að skera úr um hvort um fjárgötu eða fornleið sé að ræða. Þetta tvennt getur þó vel farið saman og því var ekki reynt að skera úr um þetta svo að heitið gæti.

Byrjað var að mæla við meinta rúst við eyðibýlið Á (sbr. mynd 20). Talsverður vafi leikur á því hvort leiðin hafi legið þarna við býlið, en annar betri staður fannst ekki og að býlinu hefur legið einhver leið á sínum tíma. Benda má á að ofar við ána, yst á Bæjarnesi, er nýfundinn meintur fornbær (Bjarni F. Einarsson 2001) og á milli þessara tveggja býla fannst Karlsnesskumlið á fjórða áratug síðustu aldar (Matthías Þórðarson 1932). Á milli bæjanna hefur trúlega verið einhverskonar gata og kumlið hefur væntanlega verið nálægt henni eins og títt var.

Víða var leiðin nær ósýnileg og oft örugglega farin í ána, sem brotið hefur bakka sína á svæðinu. Á stöku stað eru frekar ungar reiðgötur á árbakkanum og hafa þær tekið við hlutverki þeirra sem fallið hafa í ána. Þegar ofar dró með ánni var leiðin rakin fyrir neðan þennan rofabakka og er þar greinilega um ungar götur að ræða.

Nær öll gatan og reiðgöturnar sem eru yngri, eru vel grónar og greinilega ekki farnar lengur á hestum. Aðeins kindurnar fara þarna um í dag. Þegar komið var nálægt Búrfellslínu 1 hvarf leiðin þar sem hún stefndi á rústir eyðibýlisins Skarðsels. Rústir þessar eru frá miðri 20. öld og því hefur leiðin væntanlega legið í fyrstu hjá þessum stað í átt að Hagavaði og fornbýlisins sem þar er skammt hjá, yst á Bæjarnesi eins og áður er getið.

Niðurstaðan er því sú að líta ber á þessa mælingu sem nálgun við eitthvað sem áður var. Þarna lá leið forðum, en sú leið hefur smám saman misst þýðingu sína, horfið í ána, fyllst sandi og/eða gróið. Að endingu eru slitrur einar eftir og fjárgötur sem legið hafa í gömlu leiðinni á köflum.

6 Ljósmyndir



Mynd 11. Leiðin þar sem áætlað er að hún byrji við Á. Horft mót N. (Stafr.myndir nr. 24. Ljósm. BFE).



Mynd 12. Leiðin rétt ofan við (N) við Á. Hugsanlega er það túngarður sem liggur skáhalt yfir myndflötinn og leiði er mæld hægra megin við hann. Allt eins getur verið að leiðin hafi einnig legið vinstra megin við hinn meinta garð. Fer það væntanlega eftir því hvoru megin túnið var. Í bakgrunni má sjá Minna-Núp. Horft mót N. (Stafrænar myndir nr. 25. Ljós. BFE).



Mynd 13. Leiðin uppi á grasi grónum bökkunum. Þarna er hún afar óljós, en þó eru vísbendingar um hana. Horft mót N (Stafrænar myndir nr. 26. Ljós. BFE).



14. Leiðin þar sem áin hefur greinilega eytt henni. Þarna eru nokkrar reiðgötur sem færast fjær ánni eftir aðstæðum. Horft mót N. (Stafrænar myndir nr. 27. Ljós. BFE).



Mynd 15. Þarna liggur leiðin í gegn um skarð á grasi grónum hryggnum. Þetta má sjá víða og er helsta kennileitið við leit að leiðinni. Í henni má sjá fjárgötu. Horft mót N. (Stafrænar myndir nr. 28. Ljós. BFE).



Mynd 16. Þarna liggur leiðin utan um hól eins og vænta má. Þjórsá í baksýn og Minni - Núpur rétt utan við myndin t.v. Horft mót NV. (Stafrænar myndir nr. 29. Ljós. BFE).



Mynd 17. Hægra megin á myndinni er unglek varða. Leiðin liggur vinstra megin við hana (yst í mynd) og utan um hólinn sem varðan er á. Horft til N. (Stafrænar myndir nr. 30. Ljós. BFE).



Mynd 18. Á þessari mynd má sjá þar sem fjárgata hefur náð að setja mark sitt á leiðina. Upphafleg leið er farinn í rofið og nýjar reiðgötur teknar við. Horft mót S. (Stafrænar myndir nr. 31. Ljósm. BFE).




Mynd 19. Á þessari mynd má sjá nokkrar reiðgötur á þurrum árbakkanum þar sem þær fara upp á gamlan árbakkann í gegn um skarð, skömmu áður en komið er að Búrfellslínu 1, sem sést í bakgrunni myndarinnar. Horft mót N. (Stafrænar myndir nr. 32. Ljósm. BFE).


7 Loftmyndir




Mynd 20. Yfirlit yfir hina mældu fornleið (blá lína) í landi Hvamms í Holta- og Landsveit. Loftmynd. Loftmyndir ehf. Viðbót: Verkfræðistofa Suðurlands.



Mynd 21. Vestasti hluti fornleiðarinnar þar sem hún var mæld. Rústir Áar voru á grasbölunum við ána á miðri myndinni t.v. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).



Mynd 22. Lega leiðarinnar í framhaldi af mynd 21 til austurs, eða ofar með ánni. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).




Mynd 23. Framhald leiðarinnar til austurs frá mynd 22. Hér er leiðin trúlega á sínum forna stað, víðast hvar ógreinileg. Þar sem hún lá yfir hryggi í landinu mátti greina einskonar reiðskörð eins og sjá má t.d. á mynd 15. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).




Mynd 24. Sama má segja um þessa mynd og þá fyrri (nr. 23). Efst í horninu t.h. er Viðey. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).



Mynd 25. Hér liggur leiðin ofan (norðan) við hól sem getið er við mynd 17. Trúlega er hin upprunalega leið að mestu leyti blásin í burtu hér. Efst t.v. er Viðey. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).



Mynd 26. Á þessum kafla er mestur hluti hinnar upprunalegu leiðar farin í rof, en þó er líklegt að efst sé um hina fornu leið að ræða. Aðra leið má sjá við rofabakkann og fylgir hún honum dágóðan spöl, eða þar til hún heldur frá ánni á miðri mynd t.h. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).



Mynd 27. Bláa línan sýnir eina leið, en aðra má sjá talsvert neðar þar sem hún heldur frá ánni (sbr. fyrri mynd). Hugsanlega er sú síðarnefnda eldri. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur Verkfræðistofa Suðurlands).

8 Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A*. Vegna mats á umhverfisáhrifum. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1997.
- Sami. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar*. Fornleifafræðistofan 2001.
- Sami. *Rúst við Selás*. Rúst nr. 26 í Ásahreppi, Rangárvallasýslu. Skýrsla um prufuholugróft sumarið 2002. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2002.
- Sami. „Gamla Sel og nokkrar fornar minjar við Skarðsfjall í Landsveit.“ *Goðasteinn 2004*.
- Fornleifaskrá Íslands*. Fornleifafræðistofan. (Vatnsendi og Krýsuvík).
- Hörður Ágústsson. Íslensk byggingaarfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 - 1940. Húsafriðunarnefnd ríkisins. 1998.
- Matthías Þórðarson. „Nokkrar forndysjar í Rangárþingi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1932*. Reykjavík 1932.
- Sigfús Blöndal. *Íslensk-dönsk orðabók*. Aðal-samverkamenn Björg Þorláksdóttir Blöndal, Jón Ófeigsson, Holger Wiehe. Reykjavík 1920-1924.
- Þjóðminjar á Íslandi*. Lög, reglugerð, skipurit, stefnumörkun. Þjóðminjasafn Íslands 1998.
- Örnefnaskrá. Minni-Núpur. Handrit. Örnefnastofnun.

9 Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Rúst nr. 37 í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

Verkkaupandi:

Landsvirkjun.

Ábyrgðaraðili og stjórnandi:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi fornleifanefndar:

27. apríl 2007

Starfsmenn:

Bjarni F. Einarsson, stjórnandi.

Sandra Sif Einarisdóttir og Guðbjörg Melsted, fornleifafræðingar.

Forvarsla:

Engin.

Rannsóknartími:

Frá 23/5 og 25/5 2007.

Hnitakerfi:

Ekkert.

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Ca. 2,6 fermetrar og ca. 4,15 rúmmetrar.

Geymsla gagna:

Frumgögn (frumteikningar) munu verða færð Fornleifavernd ríkisins til geymslu.

Skrár:

10 Stafrænar myndir.

11 Litskyggnuskrá.

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	22.5.2007	SA	1
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Rúst 37 fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	22.5.2007	SA	2
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Rúst 37 fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	22.5.2007	NV	3
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Rúst 37 fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>	Dyrnar fremst.		
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	22.5.2007	NV	4
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Rúst 37 fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>	Hlaðan.		
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	A	5
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Rúst 37 fyrir rannsókn. A-		
<i>Ljósmyndari</i>	langveggur.		
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	NV	6
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Veggur í sniði.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	NV		7
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Veggur í sniði.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	NV		8
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Veggur í sniði. A-hluti sniðs.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	NV		9
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Veggur í sniði. V-hluti sniðs.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	23.5.2007	NV		10
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Veggur í sniði.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	A		11
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Yfirlit yfir rúst 37 og Þjórsá.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	A		12
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Yfirlit yfir rúst 37 og Þjórsá.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	ASA		13
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Yfirlit yfir rúst 37 og Þjórsá.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	A		14
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Yfirlit yfir rúst 37 og Þjórsá.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	SA		15
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Yfirlit yfir rúst 37 og Þjórsá.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	SV		16
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	A-veggur í hlöðunni.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	NV		17
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	N-veggur í hlöðunni.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>		<i>Mynd nr.</i>
Árnessýsla	25.5.2007	SA		18
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	A-langveggur í beitarhúsinu.			
<i>Ljósmyndari</i>				
Bjarni F. Einarsson				

Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Árnessýsla	25.5.2007	SV	19	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	Horft yfir miðhluta beitarhússins. Snið í bakgrunni.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Árnessýsla	25.5.2007	NV	20	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	NV gafl rústarinnar, (hlaðan).			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Árnessýsla	18.7.2007	SV	21	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	Langveggur eftir endurhleðslu.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Árnessýsla	18.7.2007	V	22	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	Langveggur eftir endurhleðslu.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppur	8709		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Árnessýsla	18.7.2007	ANA	23	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	Langveggur eftir endurhleðslu.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



Staður	Sveitarfélag	Tákntala		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	24	
Myndavél	Myndefni			
Fuji FinePix 9600	Fornleið nr. 20 þar sem áætlað er að hún byrji við eyðibýlið Á.			
Ljósmyndari				
Bjarni F. Einarsson				



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	25	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Leiðin rétt ofan við (N) við Á.			
<i>Ljósmyndari</i>	Hugsanlega er það túngarður sem sést á myndinni.			
Bjarni F. Einarsson				



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	26	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Leiðin uppi á grasi grónum			
<i>Ljósmyndari</i>	bökkunum við Þjórsá.			
Bjarni F. Einarsson				



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	27	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Leiðin þar sem áin hefur			
<i>Ljósmyndari</i>	greinilega eytt henni að mestu.			
Bjarni F. Einarsson				



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	28	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Þarna liggur leiðin í gegnum			
<i>Ljósmyndari</i>	skarð á grasi grónum			
Bjarni F. Einarsson	hryggnum.			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	NV	29	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Þarna liggur leiðin utan um			
<i>Ljósmyndari</i>	hól eins og vænta mátti.			
Bjarni F. Einarsson				



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>		
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608		
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>	
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	30	
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>			
Fuji FinePix 9600	Hægra megin má sjá unga			
<i>Ljósmyndari</i>	vörðu, en leiðin liggur vinstra			
Bjarni F. Einarsson	megnin við hana.			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	16.8.2007	S	31
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Hér hefur fjárgata sett svip sinn á leiðina.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	
Hvammur	Hola- og Landsveit	8608	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
Rangárvallasýsla	16.8.2007	N	32
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Fuji FinePix 9600	Hér má sjá nokkrar reiðgötur á þurrum árbakkanum þar sem þær fara upp á eldri árbakka.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
23.5.2007	1	29	NV
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Austurhluti sniðsins í rúst 37.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
23.5.2007	1	30	NV
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Vesturhluti sniðsins í rúst 37.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
23.5.2007	1	31	NV
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Eins og mynd 30. Undirlýst.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
23.5.2007	1	32	SA
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Rúst nr. 37, beitarhús, fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
25.5.2007	1	33	NV
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Yfirlit yfir rúst 37 fyrir rannsókn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
25.5.2007	1	34	NV
<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>		
Fujichrome 200	Olympus IS 200		
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Hluti af sniði í rúst 37. Á myndinni sést sjálfur veggurinn.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
25.5.2007	1	35	NV
		<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>
		Fujichrome 200	Olympus IS 200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Sniðið í rúst 37.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
25.5.2007	1	36	A
		<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>
		Fujichrome 200	Olympus IS 200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Yfirlit yfir rúst 37 og næsta nágreppi hennar. Þjórsá í bakgrunni.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Sýsla</i>
Minni-Núpur	Gnúpverjahreppi	8709	Árnessýsla
<i>Dags</i>	<i>Filma nr.</i>	<i>Mynd nr.</i>	<i>Mót</i>
25.5.2007	1	37	A
		<i>Filmuteq.</i>	<i>Myndavél</i>
		Fujichrome 200	Olympus IS 200
<i>Linsa</i>	<i>Myndefni</i>		
Zoom 28-110	Yfirlit yfir rúst 37 og næsta nágreppi hennar. Þjórsá í bakgrunni.		
<i>Ljósmyndari</i>			
Bjarni F. Einarsson			

